

Christopher Lund
Vesturgötu 37
101 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2019
UST201904-256/09.06.01
09.06.01

Efni: Umsókn um myndatökuleyfi – Dettifoss, Dimmuborgir, Djúpalónssandur og Seltún

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Cristopher Lund dagsett 23. apríl 2019, um leyfi til drónaflugs við Dettifoss að austan, Dimmuborgum, Djúpalónssandi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og Seltúni í Reykjanesfólkvangi.

Dettifoss að austan er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 457/1996. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annna hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing í Stjórnatíðindum nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Drónatökur fara fram á fjórum svæðum; við Dettifoss að austan, í Dimmuborgum, á Djúpalónssandi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og í Seltúni í Reykjanesfólkvangi. Við Dettifoss að austan fara tölur fram 16. maí 2019 og verður flogið yfir fossinn sjálfan og gljúfrið neðan við hann. Í Dimmuborgum fara tölur fram 15. eða 16. maí 2019 þar sem hraunmyndanir verða myndaðar þar sem þær eru mestar og við kirkjuna. Á Djúpalónssandi fara tölur fram 14. maí 2019 þar sem áætlað er að mynda ströndina og hraunjaðarinn. Við Seltún fara tölur fram 13. eða 14. maí og er mestur áhugi á efra svæðinu ofar á hálsinum. Ekki er þörf á að fara út fyrir göngustíga á neinu svæðanna. Reiknað er með að eyða 2-3 klst á hverjum stað og er flugtími drónans um 1 klst í heildina á hverju svæði. Flughæð er undir 120 metrum verður ekki flogið yfir fólk eða mannvirki. Tekið verður fullt tillit til ferðamanna á öllum svæðunum

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur tókur við Djúpalónssand ekki líklega til að valda neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins miðað við verkefnislýsingu. Verkefnið er þó talið líklegt til að hafa áhrif á upplifun annara gesta. Mat Umhverfisstofnunar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé skilyrðum leyfisins fylgt við tókur á Djúpalónssandi. Umhverfisstofnun metur gögn vegna drónaflugs í Dimmuborgum ófullnægjandi þar sem mörk flugsvæðisins hafa ekki verið skilgreind þrátt fyrir að stofnunin hafi óskað eftir þeim gögnum frá umsækjanda. Er því ekki hægt að meta áhrifa flugsins á lífríki svæðisins með fullnægjandi hætti og því líklegt að það komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Skilyrði:

Miðað við verkefnalýsingu þá metur Umhverfisstofnun drónaflugið ekki leyfisskilyrt við Seltún. Vegur að Dettifossi að austan er ófær og getur Umhverfisstofnun því sér stofnuninn sér ekki fært að heimila tókur á því svæði. Umsókn um leyfi til drónaflugs innan Dimmuborga er hafnað. Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi á Djúpalónssandi sbr. lýsingu hér að ofan þann 14. maí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma. Utan varptíma er óheimilt að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstyrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson
Davíð Örvar Hansson
teymisstjóri